

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 37/2024

2024/EES/51/37

frá 2. febrúar 2024

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/946 frá 10. maí 2023 um breytingu á tilskipun 2003/25/EB að því er varðar innleiðingu á hertum kröfum um stöðugleika og aðlögun þeirrar tilskipunar að kröfum um stöðugleika sem Alþjóðasiglinga-málastofnunin hefur sett ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56eb (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 L 0946:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/946 frá 10. maí 2023 (Stjtið. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 1).“

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2023/946, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. febrúar 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2020 frá 14. júlí 2020 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 128, 15.5.2023, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 172, 6.7.2023, bls. 23 og EES-viðbætur nr. 51, 6.7.2023, bls. 23.